

# Gjaldskrá

Lögmönnum og öðrum starfsmönnum Lög og réttur ehf. lögmannsstofu er rétt að áskilja sér hæfilega þóknun fyrir störf sín, með hliðsjón af þeim hagsmunum, sem um er fjallað og því verki, sem í té er látið. Einnig er lögmönnum heimilt að áskilja sér hluta af fjárhæð málsins og hærri þóknun, ef mál vinnst, en ef það tapast, sbr. 1. mgr. 24. gr. lögmanna laga nr. 77/1998.

Eftirfarandi gjaldskrá hefur að einnig geyma almennar reglur um gjaldtöku í löginneimtu. Gjaldskráin á að leiða til sanngjarnrar gjaldtöku fyrir vinnu lögfræðings að dæmigerðu innheimtumáli. Við ákvörðun gjaldtöku getur lögfræðingurinn vikið frá gjaldskránni.

Samkvæmt lögum ber að innheimta virðisaukaskatt af lögfræðisþjónustu. Samkvæmt þessu leggst virðisaukaskattur við alla þjónustuliði í gjaldskránni.

Gjaldskrá þessi gildir frá og með útgáfudagsetningu í 24. gr. nema sérstaklega sé samið um annað. Hvar, sem þóknun í gjaldskrá þessari er ákveðin að krónutölu en ekki sem hundraðshluti af verðmæti, skal líta á fjárhæð þóknunarinnar sem grunnjald, er breytist í samræmi við breytingar á vísitölu og launaþróun.

## I. Almennt

### 1. gr.

Lög og réttur ehf. lögfræðisþjónusta áskilur sér hæfilega þóknun fyrir veitta þjónustu að teknu tilliti til þeirrar vinnu sem innt er af hendi og þeim hagsmunum sem höndlað er með hverju sinni. Þóknunin nær til hlutdeildar í fjárhæð málsins, að teknu tilliti til niðurstöðu málsins sbr. 1. mgr. 24. gr. laga um lögmenn nr. 77/1998.

Gjaldskrá þessi skal lögð til grundvallar við almenna gjaldtöku fyrir veitta þjónustu lögfræðisþjónustu Laga og réttur ehf. hafi ekki verið um annað samið. Auk þóknunar samkvæmt gjaldskrá þessari skal átið greiddur útlagður kostnaður vegna hvers máls. Að meginstefnu skal þóknun samkvæmt gjaldskrá þessari greidd fyrirfram með hliðsjón af fyrirsjáanlegu umfangi verks.

### 2. gr.

Ákvörðun þóknunar miðast við unninn tíma í þágu verks. Lög og réttur ehf. áskilur sér hluta af fjárhæð máls og hærri þóknun með hliðsjón af þeim hagsmunum sem varðar unnið verk.

## II. Tímagjald

### 3. gr.

Tímagjald er frá kr. 20.000 – kr. 45.000 fyrir vinnu samkvæmt tímaskráningu þess sem vinnur verkið. Fyrir hvert símtal og eða tölvupóst skal skráð 15 mínútur að lágmarki, nema það taki lengri tíma. Í tímagjaldinu er innifalinn almennur rekstrarkostnaður skrifstofunnar svo sem húsnæðiskostnaður gagnageymsla, netþjónusta, prent- og símkostnaður.

Við ákvörðun tímagjalds í hverju tilviki skal það ákvarðað hærra en grunnjald meðal annars með tilliti til umfangs verks, hvort það kallar á sérþekkingu lögfræðingsins, hversu miklir hagsmunir eru, hversu aðkallandi verkefnið er, á hvaða tíma það er unnið t.d. kvöld-, nætur- eða helgarvinna, hvort það er unnið á erlendum tungumálum o.s.frv.

### 4. gr.

Við vinnslu verkefna á grundvelli tímaskráningar skal lögmaður / lögfræðingur halda skrá yfir unna tíma og þau verk sem unnið er við hverju sinni. Reikningar vegna hvers verks skulu sundurliðaðir og skal þeim að jafnaði, fylgja tímaskýrsla. Viðmiðunargjald vegna þjónustu lögfræðinga skal fara eftir starfsreynslu þeirra og þekkingu.

### III. Málflutningur

#### 5. gr.

Málflutningsþóknun skal ákvörðuð með tilliti til hagsmuna sem um er fjallað. Málflutningsþóknunin skal þó aldrei vera lægri en sem nemur tímagjaldi samanber 2. og 3. gr. Dæmdur málflutningskostnaður í máli hefur ekki áhrif á málflutningsþóknun.

##### 5.1.

Í málum sem munnlega eru flutt eða gagnaöflun fer fram í eftir þingfestingu skal málflutningsþóknun vera kr. 100.000 að viðbættum 15% af stefnufjárhæð og vöxtum, allt að kr. 5.000.000.- 7% af næstu 9.000.000 og 4% af því sem umfram er.

##### 5.2.

Í málum sem rekin eru skv. XVII. kafla laga um meðferð einkamála, almennum skuldamálum svo sem víxla, tékka og skuldabréfamálum, sem ekki fer fram gagnaöflun í eftir þingfestingu eða dómtekin eru á þingfestingardeggi, skal grunn gjald vera 25.000, að viðbættum 10% af stefnufjárhæð og vöxtum, allt að kr. 5.000.000, 5% af næstu kr. 9.000.000 og 3% af því sem umfram er.

##### 5.3.

Í málum þar sem sáttir nást eftir þingfestingu en fyrir aðalmeðferð og í málum sem í verður útvíst af hálfu gagnaðila síðar en við þingfestingu skal grunn gjald vera 120.000, að viðbættum 12,5% af stefnufjárhæð og vöxtum, allt að 4.000.000, 6% af næstu 7.500.000 og 3% af því sem umfram er.

##### 5.4.

Í málum þegar erfitt er að meta hagsmuni til fjár og þegar um lægri fjárhæðir er að ræða skal þóknun máls að jafnaði ráðast af tímagjaldi þó með hliðsjón af umfangi máls.

##### 5.5.

Krefja skal verkkaupa sérstaklega um þóknun fyrir flutning á formhlið máls.

##### 5.6.

Krefja skal verkkaupa sérsaklega um þóknun fyrir dómkvaðningu matsmanna og meðferð matsmála, en einnig vegna höfðunnar og reksturs vitnamála. Ákvæði þetta á við um gjaldtöku fyrir málflutning, hvort heldur sem er fyrir dómi eða hjá stjórnvaldi eftir því sem við á.

### IV. Innheimta

#### 6. gr.

Þóknun vegna innheimtu skal með hliðsjón af eftirfarandi ákvæðum reikna af samanlagðri fjárhæð vaxta og höfuðstóls. Skuldari kröfu stendur skil á innheimtuþóknun en skuldari að því leyti sem innheimtan reynist árangurslaus. Innborgun á kröfu gengur fyrst til greiðslu útlagðs kostnaðar og innheimtuþóknunar. Uppgjör til skuldareiganda skal að jafnaði vera 15. dagur hvers mánaðar vegna þeirra greiðslna sem inntar eru af hendi í mánuðinum á undan.

##### 6.1.

Almenn innheimta:

- Innheimtugjald kr. 7.900, að viðbættum
  - 25% af fyrstu 95.000,
  - 15% af næstu 555.000,
  - 10% af næstu 850.000,
  - 5% af næstu 3.000.000 og
  - 2% af því sem umfram er.
- Við ítrekun með löginnheimtubréfi bætast við kr. 7.900 á ofangreint gjald.

## 6.2.

Í málum sem stefnt hefur verið fyrir héraðsdómi, sem lýkur án aðalmeðferðar með áritun eða greiðslu, hvort sem er fyrir eða eftir þingfestingu, skal þóknun vera sem hér segir:

- Grunnjald kr. 17.900 (stefnugerð)
- Málskostnaður kr. 25.000, að viðbættum
  - 15% af stefnufjárhæð og vöxtum, allt að kr. 800.000
  - 12 af næstu kr. 1.200.000
  - 10% af næstu kr. 2.500.000
  - 5% af næstu kr. 8.500.000
  - 3% af því sem umfram er
- Ljúki málum með sátt greiðist þóknun skv. ofangreindu að viðbættum kr. 8.000 fyrir ritun sáttar.

## 6.3.

Í málum sem stefnt er fyrir héraðsdómi og fara í aðalmeðferð skal þóknun vera sem hér segir:

- Grunnjald kr. 17.900 (stefnugerð)
- Málskostnaður kr. 25.000, að viðbættum
  - kr. 5.500 fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur í vinnu lögmanns, eða sem samsvarar kr. 22.000 á klukkustund
- Fyrir ritun greiðsluáskorunar eða kröfulýsingar skal þóknun vera sem hér segir:
  - Grunnjald kr. 10.500
- Fyrir ritun beiðni, s.s. aðfararbeiðni, nauðungarsölubeiðni, afturkallanir, gjaldþrotaskiptabeiðni o.fl. þ.h. þar sem liggur fyrir heimild til fullnustugerða skal þóknun vera sem hér segir:
  - Grunnjald kr. 10.500
- Þóknun fyrir hverja mætingu í mót í héraðsdómi og sýslumanni er sem hér segir:
  - Grunnjald kr. 10.500. + 2.800kr akstur

## 6.4.

Ef innheimtan er vegna skuldara sem búsettur er erlendis skal kröfuhafi greiða 10% af innheimtri fjárhæð auk þóknunnar samkvæmt lið 6.1 hér að framan. Þóknun samkvæmt grein þessarri getur eigi orðið lægri en sem nemur tímagjaldi samkvæmt tímaskráningu, sbr. 3. og 4. gr. nema sérstaklega sé um það samið sbr. 22. gr. Beita skal ákvæðum þessarar greinar um málflutning fyrir dómi eða stjórnvaldi eftir því sem við á.

## 6.5.

Þóknun að undanskildu tímagjaldi lögmanns er að lágmarki kr. 10.500 fyrir ritun greiðsluáskorunar, beiðni um aðför, nauðungarsölu og vörslusviptingar, kröfulýsingar, kröfu um gjaldþrotaskipti og afturköllun.

## 6.6.

Þóknun fyrir athugun á fjárhagsstöðu einstaklinga og fyrirtækja, með leit á vanskilaskrá Lánstrausts, í Ökutækjaskrá eða Fasteignaskrá, reiknast þóknun samkvæmt tímagjaldi, þó að lágmarki kr. 2.000.

Þóknun samkvæmt grein þessari getur eigi orðið lægri en sem nemur tímagjaldi samkvæmt tímaskráningu, sbr. 3. og 4. gr. nema um það sé sérstaklega samið samkvæmt 22. gr.

## V. Aksturs- og ferðakostnaður

### 7. gr.

Ferðalög sem hafa í för með sér dvöl utan höfuðborgarsvæðisins skal gjaldfæra miðað við þann tíma sem ferðalagið tekur. Einnig skal greiddur allur ferða- og dvalarkostnaður samkvæmt reikningi. Aksturs- og dagpeningar skulu reiknaðir samkvæmt almennum reglum.

## VI. Slysa og tjónabætur

### 8. gr.

Fyrir uppgjör og samninga um tjónabætur skal þóknun vera annað hvort skv. 3. gr og 4. gr. eða sem hér segir að viðbættu 40% álagi ef gagnaöflun er samfara.

#### 8.1.

Grunngjald þóknunar er kr. 7.000,- en við bætast 25% af fyrstu kr. 100.000,- og 10% af næstu kr. 700.000, 5% af næstu kr. 7.000.000, 3% af næstu kr. 10.000.000 og 2% af því, sem fram yfir er. Heimilt er að semja um hærra álag eða ákveðnar prósentur af heildar bótafé við tjónþola og á það einkum við ef réttur til bóta er umdeildur.

## VII. Kaup, sala og leiga fasteigna og lausafjár

### 9. gr.

Þóknun fyrir kaup eða sölu fasteigna og lausafjár skal ákvörðuð með tilliti til þeirra hagsmuna sem hvert verk eða mál varðar samkvæmt eftirgreindum ákvæðum. Eftirgreind ákvæði eiga einnig við um fyrirtækjasölu.

#### 9.1.

Þóknun fyrir sölu fasteigna og skráðra skipa, skal að lágmarki vera 2,5% af söliverði en semja skal um hærri prósentu ef mikil skuldaúrvinnsla er samhliða sölunni.

#### 9.2.

Þóknun vegna kaupaa fasteigna og skráðra skipa skal vera 1% af söliverði.

#### 9.3.

Þóknun fyrir að annast skjalagerð og frágang við sölu á fasteign eða skráðu skipi skal vera 1% af söluvirði en þó að lágmarki 100.000.-

#### 9.4.

Fyrir yfirferð samninga og skjala við kaup eða sölu fasteigna, skipa, lausafjár eða annarra eigna, sem annar aðili hefur gert, greiðist þóknun samkvæmt tímagjaldi eða 0,5% af samningsfjárhæð.

#### 9.5.

Þóknun fyrir kaup og sölu lausafjár skal vera 3-5% af söliverði þó að lágmarki kr. 100.000.-

#### 9.6.

Sala fyrirtækja, atvinnurekstrar eða atvinnutækifæra, skal vera 3-5% af söliverði.

#### 9.7.

Þóknun fyrir kaup á atvinnurekstri skal vera 2-3% af kaupverði.

Aldrei skal þóknun samkvæmt þessari grein vera lægri en sem nemur tímagjaldi samkvæmt tímaskráningu, sbr. 3. og 4. gr. nema sérstaklega sé um það samið sbr. 22. gr.

### 10. gr.

Þóknun fyrir gerð afsalsbréfa og kaupsamninga skal vera kr. 100.000 og 0,75% af kaupverði eftir umfangi verks.

### 11. gr.

Þóknun fyrir gerð leigusamninga skal vera 70.000 eftir umfangi verks auk allt að 5% af árs leigufjárhæð og skal höfð hliðsjón af því hvort Lög og réttur kom á leigusamningi og þá skal þóknun samasvara að lágmarki eins mánaðar leigufjárhæð.

## VIII. Búskipti, greiðslustöðvun og nauðasamningur

### 12. gr.

Þóknun fyrir skiptastjórn, aðstoð við greiðslustöðvun eða umsjón með nauðarsamningum reiknast samkvæmt 3. og 4. gr. Fyrir málflutning og innheimtur sem tengjast skiptastjórn greiðist samkvæmt greinum 5 og 6. Fyrir sölu eigna reiknast þóknun að jafnaði samkvæmt 12. gr.

### 13. gr.

Þóknun fyrir einkaskipti dánarbúa, skiptastjórn samkvæmt erfðaskrá, gæslu hagsmuna við búskipti í dánarbúum og við opinber skipti, félagsslit og fjárlit milli hjóna og sambúðarfólks er reiknuð skv. almennu tímagjaldi eða af heildarfjárhæð nettó arfs- eða búshluta þess eða þeirra sem unnið er fyrir og með eftirgreindum hætti: Grunnjald er kr. 80.000,-. Að auki 12,5% af fyrstu kr. 750.000, 7,5% af næstu kr. 2.000.000, 6% af næstu kr. 10.000.000 og 4% af því, sem umfram er.

## IX. Ýmis skjalagerð

### 14. gr.

Fyrir gerð erfðaskráa, skiptasamninga hjóna eða sambúðarfólks, gerð kaupmála eða sambúðarsamninga skal þóknun vera að lágmarki kr. 60.000,- auk tímagjalds samkvæmt 3. gr. og 4. gr. fyrir þann tíma sem fer í viðtöl og gagnaöflun. Sé um verulega hagsmuni að ræða skal gera sérstakt samkomulag um hagsmunatengda þóknun.

### 15. gr.

Þóknun fyrir gerð skuldabréfa, tryggingarbréfa, veðleyfa, veðflutnings, aflýsingar eða skjals um skilmálabreytingar á skuldabréfi reiknast samkvæmt tímagjaldi sbr. 3. gr. og 4. gr. þó að lágmarki kr. 35.000,-. Heimilt er einnig að reikna þóknun miðað við hagsmuni sem í húfi eru allt að 0,5% af fjárhæð.

### 16. gr.

Þóknun við skjalagerð við stofnun félags er kr. 100.000,- eftir umfangi verks auk tímagjalds samkvæmt greinum 3 og 4 fyrir þann tíma sem fer í viðtöl og gagnaöflun.

### 17. gr.

Fyrir sölu skuldabréfa og hlutabréfa skal þóknun vera 2% af söluverði nema sala hlutabréfa sé í reynd sala á fasteign og/eða fyrirtæki þá skal fara að skv. 8. gr.

### 18. gr.

Þóknun vegna eignaumsýslu og samninga um skuldaskil skal vera 8-10% af innborgaðri fjárhæð eða upphaflegri fjárhæð skulda auk tímagjalds samkvæmt greinum 3 og 4.

### 19. gr.

Við skjalagerð á erlendu tungumáli leggst 25% álag.

## X. XI. Gildistaka, virðisaukaskattur, gjalddagi o.fl.

### 20. gr.

Við allar fjárhæðir í gjaldskrá þessarri bætist við 24% virðisaukaskattur í ríkissjóð.

### 21. gr.

Verkkaupi skal greiða allan útlagðan kostnað.

### 22. gr.

Heimilt er að gefa afslátt af gjaldskrá þessari en skal það aðeins gert með samningi milli aðila og aðeins þegar um er að ræða föst viðskiptasambönd og ræðst hlutfall afsláttar af umfangi fastra viðskipta aðila.

**23. gr.**

Gjalddagi reikninga er við útgáfu og reiknast dráttarvextir frá eindaga sé ekki greitt á gjalddaga. Eindagi reikninga er 10 dögum eftir gjalddaga nema um annað sé samið.

**24. gr.**

Gjaldskrá þessi tekur gildi 10. apríl 2020.